

8. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2 – Úthlutunarfundur BBII

Mætt á fundinn:

Charlotta V Englund, Einar Ingi Einarsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Helga Harðardóttir, Hildur Halldórsdóttir, Kristján P. Halldórsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Olga Friðriksdóttir, Thomas Helmig og Ólafur Gísli Agnarsson.

Fundur settur kl. 13:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Úthlutun styrkja vegna verkefnisins Brothættar byggðir II

1. **Úthlutun styrkja vegna verkefnisins Brothættar byggðir II**

Á fundum undirbúningshópa verkefnanna „Raufarhöfn og framtíðin II“ og „Öxarfjörður í sókn II“ sem haldnir voru 2. og 4. mars sl. var farið yfir allar umsóknir og komu hóparnir með tillögur að styrkjum til verkefnisstjórnar. Verkefninu ÖÍS II bárust alls 15 umsóknir og ROF II bárust 17 umsóknir.

Á þessum úthlutunarfundi verkefnisstjórnar voru þessar 32 tillögur undirbúningshóps til umfjöllunar. Ferlið var þannig að ein umsókn var tekin fyrir í einu og þeir sem töldust vanhæfir véku af fundi á meðan farið var yfir viðkomandi umsókn.

Umsóknirnar voru ræddar og athugasemdir gerðar og þær teknar fyrir. Þannig var farið yfir allar umsóknir og endanleg ákvörðun tekin um styrki. Alls var samþykkt að 26 af 32 verkefnum skyldu hljóta styrki. Formleg úthlutun styrkja fór svo fram í Hnitbjörgum á Raufarhöfn, þann 31. mars. Hér er hlekkur á frétt um úthlutunarhátíðina - [Hér er hlekkur á frétt um úthlutunarhátíðina](#)

Í lok fundar var ákveðið að funda að nýju með haustinu. Þá yrði ákveðið hvort halda þurfi nýtt íbúáþing til að fara yfir meginmarkmið ROF II og ÖÍS II.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:00

Fundargerð ritaði Einar Ingi